



Ársskýrsla Fagdeild um upplýsingatækni og heilbrigðismiðlun í hjúkrun starfsárið mars - apríl 2021-2022

Félagafjöldi: Í upphafi árs voru fagdeildarmeðlimir 81

Stjórn fagdeildar á starfsárinu: Júlíana G. Þórðardóttir, formaður, Ásthildur Guðjohnsen, ritari, Þorgerður Ragnarsdóttir, gjaldkeri, Margrét Ó Thorlacius, meðstjórnandi

Stjórn fagdeildar á næsta starfsári: Ekki eru fyrirhugaðar breytingar

Félagsgjald: 2000 kr. á ári.

Stjórnarfundir: 12

Innlend starfsemi:

Stjórn fagdeildar hefur fundað reglulega á starfsárinu, eða að meðaltali einu sinni í mánuði.

Starfsemi fagdeildarinnar réðst að miklu leyti af heimsfaraldri á starfsárinu 2021-2022. Fyrirhugað málþing að hausti var fellt niður. Þess í stað var ráðist í að hafa opin fræðsluerindi og umræður á netinu. Yfirskrift fundanna var "Lesið í skýin" og áhersla lögð á að kynna nýjungar í heilbrigðislausnum.

Áætlað var að halda málþing að hausti á vegum fagdeildar um upplýsingatækni og heilbrigðismiðlun í hjúkrun. Í ljósi aðstæðna, vegna heimsfaraldurs, var ákveðið að efna þess í stað til hádegisfyrirlestra (45 mín) á TEAMS. Fyrirlestraröðin fékk yfirskriftina "Lesið í skýin". Tilgangurinn var að vekja athygli á nýjungum og lausnum sem verið er að nota eða þróa í tengslum við heilbrigðisþjónustu m.a. í samskiptum við sjúklinga, upplýsingamiðlun, fjarvinnslu, skráningu og nýtingu gagna.

Eftirfarandi erindi voru á haldin:

- 26.10.2021- Guðjón Hauksson, forstjóri HSA - Miðum á stjórnurnar
- 23.11.2021- Guðlaug Erla Akerlie, hjúkrunarfræðingur á Heilsugæslunni á Hvammi, smáforrit sem styður fjölskyldur í breytingum í átt að heilbrigðum lífsstíl.
- 25.01.2022- Dr. Brynja Ingaðóttir og Katrín Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur; Tölvuleikur sem kennslumiðill í sjúklingafræðslu
- 23.03.2022- Kristín Skúladóttir - Innleiðing Meðveru á krabbameinsdeild

Facebook síða Fagdeildarinnar var uppfærð

Hafin var vinna við endurskoðun starfsreglna en áætlað er að þeirri vinnu ljúki í júlí.

Ef Innlendur styrkur frá Fíh þá skal geta þess og í hvað hann var notaður. Sótt var um styrk í upphafi árs 2022. Áætlað er að boða til félagsfundar/málþing í haust.

Erlent samstarf

Ekkert erlent samstarf var á árinu, en mikill áhugi er fyrir því

15.mars 2022

Júlíana G. Þórðardóttir
Ásthildur Guðjohnsen
Þorgerður Ragnarsdóttir
Margrét Ó. Thorlacius